



Keppni	<b>2. umferð Íslandsmótsins í Rallycross</b>
Keppnisstaður	<b>Braut AÍH við Krísuvíkurveg</b>
Dagsetning	<b>6. júní 2021</b>

## Varðar keppanda nr. 11

### Málsatvik

Tveir af þremur dómnefndarmönnum, SAP og HSJ, fóru kl. 19.40 á keppnisdegi til að birta keppanda á ökutæki nr. 11, Titas Kauneckas og skráðum forráðamanni hans Zilvinas Kauneckas, úrskurð dómnefndar sem varðaði hann, sjá skjal 11 sem birtist á upplýsingatöflunni kl. 19.55 þann 6. júní.

Keppandinn neitaði að kvitta fyrir móttöku úrskurðarins og upphófust í framhaldinu orðaskipti milli dómnefndarmannanna tveggja og hóps aðila, sem að hluta tengist keppanda á ökutæki nr. 11. Urðu þessi orðaskipti nokkuð hávær af hálfu keppandans og dró það að sér athygli nærstaddra og voru í þeim þung orð um dómnefndina og aðila í henni látin falla af hálfu keppanda á ökutæki nr. 11 og þeim aðilum honum tengdum sem vísað er í hér að framan.

### Málsmeðferð

Dómnefnd kom saman kl. 19.55 til að fara yfir málið. Var ákveðið að fresta umfjöllun þar til síðar vegna þess hve langan drátt á birtingu úrslita keppinnar það gæti haft að taka málið fyrir strax. Dómnefnd kom næst saman vegna málsins 8. júní kl. 21.30 í fjarfundi. Þar var farið yfir frásögn þeirra SAP og HSJ af atvikinu og reifað hvort atvikið væri af slíkum alvarleik að halda ætti málinu áfram. Varð niðurstaðan sú að nauðsynlegt væri að taka atvikið til efnislegrar umfjöllunar.

Í framhaldi af því var skoðað hvaða reglur gætu átt við, s.s. grein 12.2 í Reglubókinni um brot á reglum, siðareglur ÍSÍ o.fl. Einnig voru mismunandi útfærslur á refsingum ræddar. Í framhaldinu var ákveðið að fresta ákvörðun um niðurstöðu til næsta fundar sem ákveáðið var að haldinn skyldi 10. júní.

Kl. 21.30 fimmtudaginn 10. júní kom dómnefndin saman á fjarfundi, HSJ var fjarverandi vegna veikinda. AS og SAP fóru yfir það sem fyrir lá í málinu.

### Niðurstaða

Ljóst er að orðaval og framkoma keppanda nr. 11 og aðila honum tengdum var algerlega óviðeigandi í umræddu tilviki. Voru þau sett fram með þeim hætti að athygli vakti hjá nærstöddum. Má færa fyrir því sterk rök að í atvikinu hafi keppandi nr. 11 gerst brotlegur við ýmsar greinar Reglubókarinnar, s.s.

**12.2.1.c** Allt svindl eða hvers kyns athæfi sem er skaðlegt hagsmunum *keppni* eða hagsmunum akstursíþróttar almennt.

**12.2.1.f** Hvaða orð, verk eða skrif sem hafa valdið *FIA* siðferðilegu tjóni eða tapi, aðildarfélögum eða stjórnendum þess og almennt hagsmuni akstursíþróttar og þeim gildum sem *FIA* berst fyrir .

**12.2.1.l** Hverskyns misferli gagnvart sanngirni í *keppni*, óíþróttamannsleg hegðun eða tilraun til að hafa áhrif á úrslit *keppni* sem andsnúin er íþróttasiðferði.

**12.2.1.m** Hverskyns opinber hvatning til ofbeldis eða haturs.



Einnig er ljóst að hegðun sú sem er hér til umfjöllunar samræmist ekki greinum 1 og 4 í Siðareglum ÍSÍ sem finna má á slóðinni <https://www.isi.is/fraedsla/sidareglur-isi/>.

1. Komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.

Þá hefur ÍSÍ gefið út Hegðunarviðmið sem finna má á slóðinni <https://www.isi.is/fraedsla/sidareglur-isi/> og er ljóst að framkoma keppanda nr. 11 samræmist ekki hegðunarviðmiðum fyrir iðkendur lið 1, sjá hér á eftir:

1. Komdu fram af virðingu
  - a. Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnámálaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
  - b. Berðu virðingu fyrir einstaklingum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
  - c. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði.
  - d. Berðu virðingu fyrir andstæðingum, dómurum, foreldrum/forsjáraðilum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.
  - e. Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft sem er laust við líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.

## Úrskurður

Dómnefnd í 2. umferð Íslandsmótsins í rallycross felur dómnefnd í næstu rallycross keppni sem Titas Kauneckas tekur þátt í að taka málið fyrir og úrskurða í því með þeim hætti sem henni þykir hæfa. Er þetta gert með vísan í grein 11.9.3.t í Reglubókinni:

**11.9.3.t** Í tilvikum þar sem taka verður ákvörðun eftir *viðburð*, af hvaða ástæðu sem er, getur dómnefnd falið næstu dómnefnd einnar af komandi viðburðum sama móts, bikarkeppni, útsláttarkeppni, áskorunar eða deildar vald sitt, eða að öðrum kosti til dómnefndar sem sett er saman í þessu skyni og sem skipuð er af þeim sem báru ábyrgð á skipun upprunalegu dómnefndarinnar. Ef innlendir aðili er í dómnefnd, getur *akstursíþróttasambandið* sem skipaði hann í upphaflegu dómnefndina útvegað dómnefndarmann í einum af síðari *viðburðum*, eða framselt vald sitt til innlends aðila í dómnefnd eins af síðari *viðburðum*

Leggur starfandi dómnefnd þó til að skýrslutaka verði þar sem Titas Kauneckas fær möguleika á að segja sína hlið málsins. Jafnframt að lágmarks refsing sem honum verði gerð hljóði uppá að fá síðasta valrétt á rásstöðu í úrslitariðli, nægi árangur hans í keppninni til þess að tryggja honum þátttöku í honum.

Birt á upplýsingatöflu keppinnar sunnudaginn 13. júní kl. 14.05 sem skjal nr. 14.

**Dómnefndarformaður**  
Aðalsteinn Símonarson

**Dómnefndarmaður**  
Heimir Snær Jónsson

**Dómnefndarmaður**  
Sigurður Arnar Pálsson